

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2019

UST201812-024/A.B.

10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Brú yfir Fossvog

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs og skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði Fossvogsbrúar er nær frá Reykjavík meðfram mörkum Reykjavíkurflugvallar yfir í Kópavog við deiliskipulagsmörk Vesturvarar 38a og 38b. Stærð deiliskipulags-svæðisins er um 4,9 ha. Í greinargerð kemur fram að framkvæmdina þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Fossvogsbrú er ætluð gangandi, hjólandi og fyrir almennings-samgöngur.

Landslag og staðhættir

Í umfjöllun um landslag og staðhætti kemur fram að strandlínan beggja vegna Fossvogs hefur tekið breytingum og að mynni vogsins hafi þrengst frá því að vera 570 m breitt árið 1986 í að vera 340 m breitt í dag. Í greinargerð kemur fram að áætlað er að brúin verði sem næst 270 m löng. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tilkynningu um framkvæmdina komi fram hver breidd mynnisins undir brúnni er áætluð með þeim fyllingum er þarf undir brúarendana.

Lífríki vernduð svæði

Umhverfisstofnun tekur undir mat Náttúrustofu Kópavogs að nauðsynlegt sé að tryggja full vatnsskipti og gæta að tilflutningi botnssets þar sem brú og landfyllingar geta haft þau áhrif að breytingar verða á straumhraða innan við brú. Eins og fram kemur í greinargerð er Fossvogur hluti af náttúruverndar- og útvistarsvæði Skerjafjarðar-svæðisins og er Skerjafjörður allur á náttúruverndaráætlun. Búsvæðavernd er í Skerjafirði innan bæjarmarka Kópavogs með fjórum ásamt grunnsævi. Tvö svæði voru friðlyst 2012, annars vegar í Kópavogi 39 ha og hins vegar í Fossvogi alls 23,6 ha. Í auglýsingum um búsvæðaverndina frá 30. janúar 2012 kemur fram að Skerjafjarðarsvæðið í heild hafi alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda og að í Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að það er áskorun að hanna áætlaða brú

og landfyllingar að henni þannig að friðlýst búsvæði í Fossvogi, þ.e. við norðanvert Kársnes haldi sínu verndargildi sem búsvæði fugla. Í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins kemur fram að svæðið skapar undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig kemur fram að fræðslugildi svæðisins er hátt og strandlengjan vinsæl til útivistar sem og að markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina og vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á að vert er að athuga sérstaklega hvort brúin kunni að hafa áhrif á fugla af válista en nýr válisti var gefin út af Náttúrufræðisofnun Íslands 2018.

Náttúruminjaskrá (B-hluti)

Náttúrufræðistofnun Íslands setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið sem skipulagstillagan nær til er á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og kallast Álfstanes - Skerjafjörður. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjánni <https://naturuminjaskra.ni.is/>.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþáttum eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Samgöngur og tengingar

Í umfjöllun um samgöngur og tengingar kemur fram að um brúna mun liggja stofnstígur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og akrein fyrir almenningssamgöngur sem verður ljósastýrð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan fjalli um hver áhrif aukinnar umferðar verða á aðliggjandi íbúðarhverfi þ.e. Kársnes annars vegar og Skerjafjörð hins vegar. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hver áhrif bílaumferðar verða, vegna þeirra aðila sem munu nýta brúnna til útivistar, í ofangreindum hverfum og hver áhrif bílaumferðar um Kársnes verða, vegna þeirra aðila sem eiga erindi t.d. í Háskólann í Reykjavík.

Einnig kemur fram að miðað er við eina akrein fyrir almenningssamgöngur en ef umferð kallar á það í framtíðinni þá sé möguleiki fyrir umferð í báðar áttir. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tryggja að einungis almenningssamgöngur fari um brúna, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru.

Umhverfisstofnun tekur undir leiðarljós um hönnun brúarinnar. Umhverfisstofnun tekur einnig undir að valið hefur verið að hafa brúna 270 m langa, sem dregur úr líkum á að brúin hafi áhrif á vatnaskipti, seltumagn og straumfar innan við brúna sem er mikilvægt.

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætluð brú mun hafa jákvæð áhrif á breyttar ferðavenjur með þeirri styttingu á ferðatíma sem hún mun skapa. Þau leiðarljós um hönnun og útfærslu á brú og landfyllingum, að henni beggja vegna mynnis Fossvogs, gefa vonir um það að dregið verði úr neikvæðum áhrifum á útvistargildi og búsvæðavernd fugla á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur þó undir að áhrif eru óviss og háð útfærslu á áætluðum framkvæmdum.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur